

Háskólinn á Akureyri
Kennaradeild
Grunnskólabraut
2006

Virðing og skólastarf

Betrí menntun – bætt þjóðfélag

Valbjörg B. Fjólmundsdóttir
Lokaverkefni í kennaradeild

Háskólinn á Akureyri
Kennaradeild
Grunnskólabraut
2006

Virðing og skólastarf

Betrí menntun – bætt þjóðfélag

Valbjörg B. Fjólmundsdóttir
Lokaverkefni til 90 eininga B.Ed.-prófs í kennaradeild
Leiðsagnarkennari: Halldóra Haraldsdóttir

Yfirlýsingar:

„Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna.“

Undirskrift

„Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed.-prófs í kennaradeild.“

Undirskrift

Útdráttur

Í þessu verki er lagt upp með þá sannfæringu að vinna í skólum með hugtakið virðingu sé lykilatriði í öllum umbótum í menntun. Sannfæringin byggist á því að í gegnum vinnu með virðingu geri starfsfólk skóla sér ljóst að framkoma af virðingu við börn skilar sér í sjálfsvirðingu barnanna og af því leiðir að þau læra að bera virðingu fyrir öllu öðru. Þetta ætti að smita út frá sér til foreldra, bæði núverandi foreldra og ekki síður foreldra framtíðarinnar, enda eru núverandi nemendur verðandi foreldrar. Samkvæmt þessu yrði útkoman ekki bara bætt menntun, heldur líka betra þjóðfélag í framtíðinni.

Sú vinna sem lögð var í þetta verk var því unnin til að styðja þá kenningu að gera ætti vinnu með virðingarhugtakið að opinberu sameiningartákni allra skólaumbóta.

Í þessu skyni var lagt í eins yfirdrifs mikla heimildarannsókn og rúmast innan marka þessa ritverks. Fyrst var rýnt í merkingu lykilhugtaka og síðan skoðaðar áherslur eldri menntafrömuða með tilliti til þess hvort þar væri byggt á virðingu. Þá var litið til nokkurra metnaðarfullra skólaþróunarverkefna sem eru í gangi á Íslandi í dag og kíkt á enn önnur verkefni og stefnumur í menntunarumbótum. Að lokum var gerð grein fyrir því hvað Avatarfræðin hafa upp á að bjóða.

Þessi heimildarannsókn, sem þó var hvorki ítarleg né yfirgripsmikil, bendir til þess að virðing sé undirrót og sameiginlegt stef í flestu hugsjónastarfi, stefnumur og kenningum sem snúa að menntunarumbótum. Útgangskennning verkefnsins fékk því góðan meðbyr.

En þó má gera betur. Avatarfræðin byggja á því að viðhorf stjórni veruleika hvers einstaklings. Með því að læra að stjórna eigin viðhorfum má læra að stjórna eigin lífi. Kennslutækni Avatar byggir á þjálfun í heiðarleika, athygli, samkennd og ákveðni viljans. Þessi aðferð nær til undirstöðu sjálfsvirðingarinnar. Leiðin til stjórnunar eigin lífs er leiðin til virðingar.

Abstract

This project is constructed with the belief that the idea of respect is a keystone in all improvements in education. The belief is based on that through working with respect the faculty staff realises that treating the children with respect results in increased self confidence and that in turn teach them to respect everything else. This should infect the parents, not only the childrens parents, but also the parents of the future, the parents the children themselves will become. According to this belief the outcome would not only be improved education but also a better society in the future.

The work that went into this project was done to support the theory that working with the respect concept should be made the common denominator for all school reforms.

For this purpose a research as large as fits within the confines of this essay was undertaken. First off the meaning of the key concepts were looked at and then older theories in education were researched to see if they based their ideas on respect. Then a few ambitious educational development projects that are going on in Iceland were studied and a few other projects and theories in educational reforms were looked at. Finally the Avatar theory was explained and its pro's and con's evaluated.

This research project, which was neither thorough nor widespanning, implies that respect is the root and common theme in most theories that have to do with educational reforms. Thus the essays thesis sails in favorable winds.

Still one can do better. The Avatartheory builds on the idea that attitude controls the reality of each individual. By learning to control one's own attitudes, one can learn to control one's own life. The teaching methods of Avatar build on training in honesty, attention, compassion and willpower. This method reaches the foundation of self respect. The way towards control of ones own life is the way to respect.

Efnisyfirlit

1	Virðing og skólastarf (betri menntun – bætt þjóðfélag).....	2
2	Virðing og snertifletir hennar.....	3
2.1	Að meta til virðis	4
2.2	Sjálfsvirðing til sjálfsmyndar.....	5
2.3	Tilfinningagreind	7
2.4	Fjölgreindir	9
3	Frumkvöðlar í menntunarfræðum.....	10
3.1	John Dewey.....	11
3.2	Bertrand Russel.....	12
3.3	Paulo Freire.....	14
3.4	Hinn rauði þráður.....	15
4	Þróunarstarf og skólastefnur	16
4.1	Dyggðir og gildi.....	18
4.2	Einstaklingsbundið nám í Brekkuskóla	19
4.3	Foreldrasamstarf í Oddeyrarskóla.....	20
4.4	Barnið í brennidepli í Síðuskóla	21
4.5	Dyggðavinnan í Hrafnagilsskóla.....	22
4.6	Vildarvog Vesturbæjarskóla	23
5	Aðrar kenningar og þróunarverkefni	24
5.2	Uppbyggingarstefna.....	25
5.3	Samstarf heimilis, skóla og samfélags.....	26
5.4	Samfélög sem sýna umhyggju	26
5.5	Avatar – ‘Aftur upp á yfirborðið’ í skólana.....	27
6	Samantekt.....	29
7	Að virkja nemendur (niðurstaða).....	30
	Heimildir.....	33

1 Virðing og skólastarf (betri menntun – bætt þjóðfélag)

“Virðingarleysi unglunga nú til dags!” Þessa setningu sagði gamla fólkið gjarna fyrir hálfri öld síðan. Á þeim tíma var meira lagt upp úr því en nú að börn bæru virðingu fyrir sér eldra fólki, ásamt reglum og hefðum sem giltu í samskiptum barna og fullorðinna. En á hvaða vegi er virðingin stödd í dag? Ber fólk virðingu fyrir sjálfu sér og hvert fyrir öðru eða er virðing mikilvægt en lítið orð sem hefur gleymst eins og Aleida Guevera dóttir hins fræga Che Guevera fullyrti í fyrirlestri sínum á dögunum?¹

Þetta er þó ekki sú spurning sem ætlunin er að leita svars við hér, heldur sú, hvort virðing sé það undirliggjandi stef sem sé sameiginlegt í öllu umbótastarfi í skólamállum. Ef svo er má leiða að því líkum að enn betri árangur náist með því að setja virðingarhugtakið á stall og gera það meðvitað að sameiningartákni allra skólaumbóta. Markmiðið er að leita leiða sem gætu skilað sér í aukinni hæfni framtíðarþegna landsins til að takast á við þá ábyrgð sem þarf til að lifa heilbrigðu og gefandi lífi. Er það *virðing*, – eða er eitthvað annað vænlegra til árangurs í leit að *betri framtíð og bættu þjóðfélagi*?

Í fyrsta lagi verða skoðaðar skilgreiningar á hugtakinu virðingu, en einnig sjálfsvirðingu. Í ljós kom að skilgreiningar þess hugtaks eru mun algengari og ítarlegri, bæði í orðabókum og fræðilegri umræðu, en hugtaksins virðingar. Einnig er nauðsynlegt að líta á nokkur hugtök sem tengjast þessum tveim. Til að leita að sameiginlegu stefi sem gæti stutt eða hrakið tilgátuna um mikilvægi virðingar verða skoðaðar hugmyndir, verkefni og stefnur sem tengjast skólamállum og skólastarfi. Verður byrjað á framlagi þriggja heimspekinga sem hafa lagt viðurkenndan skerf til skólamálaumræðunnar í gegnum tíðina en hafa þó mjög misjafnar nálganir á efnið. Síðan verður athugað hvort hugtakið virðing tengist áherslum og þróunarstarfi innan veggja skólakerfisins í dag. Í því markmiði verður skoðuð vinna nokkurra skóla sem eru með mismunandi verkefni í gangi. Hvaða skólar verða fyrir valinu byggist að nokkru leyti á handahófi en þeim er þó sameiginlegt að vera með metnaðarfulla þróunarvinnu í gangi og greinagóðar heimasíður þar sem hægt er að afla upplýsinga. Hér er ekki ætlunin að gera ítarlega og fullkomna rannsókn heldur afla yfirlits, vísbendinga, sem mætti nota sem grunn til frekari rannsókna. Nærtækastir eru skólar á Eyjafjarðarsvæðinu, en þó var einn tekinn með úr Reykjavík til að sniðganga ekki alveg þá miklu þróunarvinnu sem er í gangi á höfuðborgarsvæðinu. Í leitinni að því hvað sett

¹ Halla Gunnarsdóttir 2006:12

er á oddinn í baráttunni fyrir bættri framtíð verða einnig skoðuð nokkur skólamála verkefni sem hafa verið þróuð erlendis, án þess að tengja þau ákveðnum skólum hér. Að lokum mun verða gerð úttekt og samanburður á öllu þessu og leitast við að komast að raunhæfri niðurstöðu.

Hér mun eingöngu verða stuðst við heimildir en ítarlegri rannsóknir geymdar til betri tíma. Til að fá sem víðtækasta mynd er farið vítt og breitt í heimildaöflun og notaðar fræðibækur, orðabækur, tímarit, dagblaðagreinar, vefsíður, fyrirlestrar og viðtöl.

2 Virðing og snertifletir hennar

Í bókinni *Aukin gæði náms* segir að lífsnauðsynlegt sé að hafa í heiðri gildin virðingu, umhyggju, sanngirni, traust og ábyrgð.² Virðing tengist líka ýmsum öðrum hugtökum, s.s. tillitssemi og velvild, dyggðum, sjálfsmynd, félagsfærni, tilfinningagreind, lífsleikni og jafnvel hugtakinu fjölgreind.

Flest hugtökin í þessari upptalningu eru síung í allri orðræðu og því ekki ástæða til að staldra við þau ein og sér. Þótt dyggðir hafi um tíma einkum verið umfjöllunarefni siðfræðinnar var umræða um dyggðir algeng fyrir á tímum og má rekja hana allt til daga Aristótelesar.³ Hugtakið dyggð hefur þó gengið í endurnýjun lífdaga með nýjum áherslum í skólastarfi. Því er hentugra að fjalla um skilgreiningar á dyggðum með þeim kafla. Orðin sjálfsmynd og félagsfærni eru hugtök sem mest eru notuð innan sál- og félagsfræðigeirans en hafa þó fengið aukið pláss í skólamálaumræðunni, ekki síst vegna tilkomu kennslugreinarinnar lífsleikni. Þessi hugtök er vert að skoða nánar um leið og virðingarhugtakið, því öll tengjast þau sterkum böndum, ásamt sjálfsáliti og fleiri orðum sem fjalla um sjálfíð. Tilfinningagreind er nánast nýyrði, eða hefur a.m.k. fengið nýtt inntak og útbreiðslu með hugmyndafræði Daniels Golemans. Að lokum mun þessi umræða verða tengd hugtakinu fjölgreindir, sem einnig er nýtt af nálinni, tilkomið með kenningu Howards Gardners sem kynntar eru í bókinni *Fjölgreindir í skólastofunni*.

En lítum fyrst á það hvað felst í hugtakinu virðingu.

² Rúnar, Börkur, Jón Baldvin o.fl. 1999:128

³ Rachels 1997:209

2.1 Að meta til virðis

Í Orðabók Menningarsjóðs er virðing útskýrt sem „mat, það að meta til verðs,” og í öðru lagi sem „álit, heiður, það að virða – njóta virðingar.”⁴ Ef beðið er um skilgreiningu á orðunum *esteem* og *respect* með Google leit á netinu eru þau ásamt orðunum *dignity*, *honour* og *admiration* notuð til skiptis og látin útskýra hvert annað. Þýða má flest þessi orð með orðinu virðingu, en ef þeim er slegið inn í tölvuorðabók þá koma til fleiri þýðingar, s.s. álit (*esteem*), tillitsemi (*respect*), sæmd eða reisn (*dignity*), heiður, æra, frægð og dýrð (*honour*) og aðdáun (*admiration*).⁵ Í Cambridge orðabókinni á netinu er orðið *esteem* skýrt sem „respect for or a good opinion of someone,” en orðið *respect* fær ýtarlegri útlistun. Í fyrsta lagi er það útskýrt sem „kurteisi, heiður og umhyggja sýnd einhverjum eða einhverju sem álitid er mikilvægt.” Í öðru lagi: „Þegar þú viðurkennir að eitthvað sem hefur verið stofnað eða formlega samþykkt er rétt eða þýðingarmikið og reynir ekki að breyta því eða skemma.” Og að lokum: „Þegar þú viðurkennir að mismunandi siðir eða menning eru frábrugðnir þínum eigin og kemur fram gagnvart þeim á þann hátt að það valdi ekki móðgun.”⁶

Í ræðum og ritum má víða sjá fullyrðingar þess efnis að virðing sé það atriði sem skiptir meginmáli í mannlegum samskiptum, enda segir í upphafi

Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 1948:

Það ber að viðurkenna að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda, er eigi verði af honum tekin, og er þetta undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum.⁷

Immanúel Kant taldi líka skynsemi mannsins gefa honum *reisn* sem bæri í öllum tilfellum að virða. Skilgreining Kants á virðingu tekur jafnvel til þess að virða rétt mannsins til að breyta á refsiverðan hátt og taka út sína refsingu. Því séu refsingar réttlátar ef sá sem brýtur af sér veit hvaða afleiðingar verknaður hans getur haft. Refsingin er þá innan viljatengdrar ákvörðunar brotamannsins og þessa ákvörðun ber að virða.⁸

Virðing og viðurkenning haldast í hendur og styrkja tilfinningu einstaklingsins fyrir því að hafa vald á aðstæðum sínum og njóta ákveðinna réttinda. Slíkt vald á aðstæðum er nauðsynlegt til að skapa öryggiskennd og auka sjálfstraust.⁹ Í handbók um

⁴ Íslensk orðabók 2002: 1758

⁵ Matthías Magnússon 2003

⁶ Cambridge Advanced Learners Dictionary 2006: <http://dictionary.cambridge.org>

⁷ Manréttindaskrifstofa 2006: <http://www.humanrights.is>

⁸ Rachels 1997:172-173

⁹ Jóhann Ingi Gunnarsson og Sæmundur Hafsteinsson 2005:18

lífsleikni segir að virk hlustun – áhugi fyrir tjáningu viðmælanda sé nauðsynleg ef samskipti eigi að vera farsæl. Í virkri hlustun felist virðing fyrir einstaklingnum sem hlustað er á og virðing sé því lykilorð þegar lýsa skal góðum samskiptum. Enda sé einfaldast að aðhyllast þau sjónarmið sem innifela virðingu til að ná góðu sambandi við annan einstakling. Að lokum segir að virðing sýnd einhverjum sé stysta leiðin að hjarta hans.¹⁰

Samkvæmt framansögðu er virðing jákvæð tilfinning sem leiðir af sér jákvætt viðhorf og framkomu gagnvart því sem virðingin beinist að. ‘Að virða eitthvað’ er að játa réttmæti þess og ‘að virða einhvern’ er að vera ekki sama um hann.

Virðing sýnir hvaða innri afstöðu einstaklingur hefur og þar sem innri afstaða byggist á hugsunum þá er hægt að stjórna því hvort virðing er sýnd eða ekki.¹¹

Ef takast mætti að auka almenna virðingu í þjóðfélaginu þá væri það sannarlega skref til heilla.

2.2 Sjálfsvirðing til sjálfsmyndar

Virðingarhugtakið er alltaf haft í bakhöndinni þegar verið er að fjalla um uppeldi og menntun en fær þó sjaldan stórt rými í þeirri umfjöllun, heldur flýtur með sem nauðsynlegur þáttur, án þess þunga sem einkennir meginatriði. Hins vegar má víða lesa um mikilvægi sjálfsvirðingar. Á netinu er vefsíða tileinkuð sjálfsvirðingu sem haldið er úti af samtökum fyrirlesara, rithöfunda, kennara o.fl. sem eiga það sameiginlegt að vinna að þroska einstaklinga og auk þess ábyrgð og einingu innan fjölskyldna, skóla og vinnustaða. Samtökin voru stofnuð árið 1986 og þau skilgreina ‘heilbrigða sjálfsvirðingu’ sem „þá reynslu að vera fær um að mæta áskorunum lífsins og eiga skilið hamingjuríkt líf.”¹² Þessi einfalda en víðfeðma skilgreining felur í sér að hún tekur til margra ef ekki flestra þátta persónuleikans. Enda segir Robert Reasoner í umfjöllun sinni um ‘réttu þýðingu sjálfsvirðingar’ á þessari sömu heimasíðu, að einstaklingar með djúpa sjálfsvirðingu séu heiðarlegir, umburðarlyndir og umhyggjusamir, tilbúnir að axla ábyrgð á eigin hegðun og athöfnum og þar með stjórna eigin lífi. Þeir hafi heilbrigðan metnað sem byggist á innri hvatningu (self motivation), séu hugrakkir og kunni að bregðast við gagnrýni á jákvæðan hátt.¹³

¹⁰ Erla, Jóhann Ingi og Sæmundur 2004:11 og 105

¹¹ Sama rit:95

¹² National Association for Self-Esteem (NASE): <http://www.self-esteem-nase.org>

¹³ Reasoner 2004:1: <http://www.self-esteem-nase.org/whatisselfesteem.shtml>

Orðabók Menningarsjóðs segir að sjálfsvirðing sé „stolt, virðing fyrir sjálfum sér” eða „mat, skoðun á sjálfum sér.”¹⁴ Google-leit á vefnum á orðinu *self-esteem* skilar m.a. skilgreiningunni „tilfinning um sjálfsmat sem kemur frá jákvæðu eða neikvæðu viðhorfi einstaklingsins um það að vera verðmætur og hæfur.” Þar er *self-respect*: „Viðhorf á eigin réttmæti, virði og sæmd.”¹⁵ Cambridge orðabókin segir um *self-esteem* að það sé „skoðun og traust á eigin hæfileika og verðgildi,” en *self-respect* er „virðing fyrir sjálfum sér sem sýnir að þú metur sjálfan þig.”¹⁶

Höfundar handbókarinnar um lífsleikni fullyrða að sjálfsvirðing sjáist oft greinilega á framkomu, umhirðu og umgengni og sömuleiðis á hreinskilni í tilsvörum, öryggi og yfirvegum í návist annarra.¹⁷ Í bók sinni um leiðina til andlegs þroska varar geðlæknirinn M. Scott Peck við því að til sé önnur hlið á sjálfsvirðingu en sú sem hefur verið til umfjöllunar hér. Það er hin yfirborðskennda sjálfsvirðing sem krefst stöðugar sjálfsánægju og einkennist af mikilvægi þess að halda í álit og virðingu annarra. Einstaklingar sem þannig er ástatt með reyna frekar að eyða vísbendingum um eigin ófullkomleika en að þroska sjálfa sig í raun. Þessa einstaklinga kallar Peck ‘fólk lyginna.’¹⁸ Líklegt er að þeir tilheyri þeim hópi fólks sem talað er um að hafi brennlaða sjálfsmynd en sjálfsmyndin er sú hugmynd sem einstaklingur hefur um sjálfan sig. Þeir sem þannig er ástatt um skortir öryggi og sjálfstæði og eiga erfitt með að skilgreina og skilja tilfinningar, bæði sínar og annarra.¹⁹

Sjálfsmyndin byggir á sjálfsvirðingu og öðru sjálfsmati, - því hvernig einstaklingur metur sjálfan sig. Þar sem sjálfsmatið getur bæði verið meðvitað og ómeðvitað (implicit and explicit) gildir það sama um sjálfsvirðinguna.²⁰ Sjálfsmyndin getur því að einhverju leyti verið ómeðvitað sbr. þá dulvitund sem Sigmund Freud gaf brautargengi.²¹ Hugo Þórisson sálfræðingur, hefur bent á að síendurteknar neikvæðar fullyrðingar sem beinast að börnum, svo sem „þarftu alltaf að ganga svona illa um” leiði til þess að þau trúu því sem við þau er sagt. Þannig móti það persónuleikann á ómeðvitaðan hátt.²²

¹⁴ Íslensk orðabók 2002:1291

¹⁵ Google leit: www.google.is/search?client=firefox-a&rls=org.mozilla%3Aen-US%3Aofficial_s&hl=is&q=define+self-esteem&lr=&btnG=Google+leit

¹⁶ Cambridge Advanced Learners Dictionary: <http://dictionary.cambridge.org/>

¹⁷ Erla, Jóhann Ingi og Sæmundur 2004:94

¹⁸ Peck 1995:80-81

¹⁹ Álfheiður og Guðfinna 2001:31

²⁰ Spalding og Hardin 1999:535

²¹ Sigurjón Björnsson 1973:44

²² Hugo Þórisson 2001

Ef komið er fram við barn með virðingu verður hins vegar sjálfsmýndin jákvæð, heilsteypt og fastmótuð og einstaklingurinn hefur til að bera sjálfsöryggi og ábyrgðarkennd sem auðvelda honum öll samskipti við aðra einstaklinga.²³

Af þessari upptalningu má sjá að fátt er eftirsóknarverðara en sjálfsvirðing og hún er í raun lykillinn að farsælu lífi. Enda er sjálfsvirðing ein af grunnþörfum mannsins samkvæmt frægum þarfapýramída Maslows.²⁴

Sjálfsvirðing í samfloti við einlægni og heiðarleika ætti að skila sér með góðri einkunn fyrir tilfinningagreind og félagsfærni. Í næsta kafla verður skoðað hvað felst í þessum hugtökum og hvernig þau tengjast námsgreininni lífsleikni.

2.3 Tilfinningagreind

Í bókinni *Tilfinningagreind* fullyrðir Goleman að lítið gagn verði að þeirri greind sem mæld er með greindarprófum ef fólk láti stjórnast af tilfinningum.²⁵ Með ýmsum dæmum og tilvitnunum leiðir hann rök að því að hæfileikinn til að hafa stjórn á tilfinningum sé í raun það atriði sem skili einstaklingnum til mestrar gæfu og gengis. Þennan hæfileika kallar Goleman tilfinningagreind og skilgreining hans á tilfinningagreind er

hæfileikinn til að hvetja sjálfan sig til dáða og láta ekki hugfallast við vonbrigði, hafa hemil á fljótfærni og geta slegið umbun á frest, stilla skap sitt og gæta þess að láta ekki erfiðleika slæva skýra hugsun og loks samkennd og eftirvænting²⁶

Samkvæmt Goleman fela öll samskipti í sér tilfinningaleg tjáskipti auk orða og orðatúlkunar. Skortur á tilfinningagreind veldur því að skilningur er takmarkaður á eigin tilfinningum ekki síður en annarra. Einstakling sem þannig er ástatt með skortir oft hæfni til að uppfylla þarfir sem tengjast tilfinningum og hann getur átt á hættu að upplifa stöðuga höfnunartilfinningu. Þetta gerist þegar misheppnuð og misvísandi tilfinningaboð í samskiptum valda ruglingi og streitu.²⁷ Goleman áréttar líka að félags- eða samskiptafærni getur verið til staðar ein og sér ef eingöngu er sóst eftir viðurkenningu annarra og vinsældum. Slík færni er ekki það sama og tilfinningagreind en byggir fremur á því innsæi sem einkennir leikara. Þá hefur einstaklingurinn ekki til

²³ Álfheiður og Guðfinna 2001:32

²⁴ Eggen og Kauchak 1999:409

²⁵ Goleman 2000:17

²⁶ Sama rit:45

²⁷ Sama rit:130-131

að bera nauðsynlegar forsendur tilfinningagreindar, sjálfsheiðarleika og þekkingu á eigin tilfinningum. Sá tilfinningagreindi getur á hinn bóginn lent í aðstæðum sem 'leikarinn' myndi aldrei setja sig í, með því að sætta sig frekar við óvinsældir en að tapa tilfinningalegum heiðarleika.²⁸

Tilfinningagreind segir Goleman að lærist fyrst innan fjölskyldunnar, bæði með því hvernig komið er fram við einstaklinginn og ekki síður með fordæmiskennslu, því hvernig fjölskyldumeðlimir koma fram hver við annan. Þættir sem helst einkenna uppeldisvenjur foreldra sem skortir tilfinningagreind eru skeytingarleysi um orsök fyrir uppnámi barna, afskiptaleysi við að leita leiða til að kenna börnum að þekkja eigin tilfinningar og jafnvel fyrirlitning sem lýsir sér í gagnrýni á tilfinningar eða beinu banni við þeim. Afleiðingin er vonleysi barnanna og vantrú á eigin getu, árásarhneigð og þunglyndi.²⁹

Goleman fjallar einnig í bók sinni um nýja stefnu í skólamállum, námsgrein í sjálfsvísindum þar sem áhersla er lögð á tilfinningalæsi.³⁰ Þar er komin nokkur tenging við þá kennslugrein sem í íslensku skólakerfi heitir lífsleikni og fékk formlega viðurkenningu í nýrri námskrá árið 1999.³¹ Í bók sinni, *Lífsleikni*, sem gefin var út sem handbók fyrir foreldra og kennara, segja höfundar að kennsla í lífsleikni beinist að því að efla persónulegan styrk nemenda þannig að athafnir og ákvarðanir varði leiðina að settum markmiðum og einnig því að auka aðlögunarhæfni, almenna félagsfærni og ábyrgð á eigin lífi.³² Í samræmi við það fullyrða höfundar í lokaorðum bókarinnar að kjarni uppeldis og menntunar sé mannrækt. Með kennslu í mannrækt má hjálpa börnum að halda í eða öðlast þá heilbrigðu sjálfsmynd og sjálfsvirðingu sem er besta veganestið út í lífið. Sjálfsmyndin mótast ekki eingöngu viðhorf einstaklingsins til sjálfs sín, heldur líka til annarra einstaklinga og lífsins alls. Í mannræktarkennslunni á að leita leiða til að vinna með margvíslega hæfileika og efla almenna viðurkenningu á gildi þeirra og mikilvægi fjölbreytileikans í öllum sínum myndum.³³ Af þessum orðum má ljóst vera að útgangspunktur í lífsleiknikennslu er virðing og þá ekki síst sjálfsvirðing, enda er hún nauðsynlegt skilyrði þess að einstaklingur sýni öðrum virðingu. En umræðan um fjölbreytileikann minnir á kenningu Gardners um fjölgreindir og því er ástæða til að skoða hana nánar.

²⁸ Goleman 2000:128

²⁹ Sama rit:192-194 og víðar

³⁰ Sama rit: 260-266

³¹ Aðalnámskrá grunnskóla. Lífsleikni 1999:5

³² Erla, Jóhann og Sæmundur 2004:8

³³ Sama rit:121

2.4 Fjölgreindir

Í bókinni *Fjölgreindir í skólastofunni* kemur fram að hugmynd Howards Gardners um fjölgreindir er til komin vegna vantrúar hans á réttmæti greindarprófa Alfreds Binets. Samkvæmt skilgreiningu Gardners nær hver tiltekin greind yfir ákveðið svið mannlegra möguleika. Með því að skipta þeim niður í þessi svið eða greindir, má nota kortlagningu þeirra markvisst innan veggja skólastofunnar.³⁴ Þannig má nota fjölgreindarskema bæði sem gátlista og til að auka fjölbreytni aðferða.³⁵ Greindir Gardners voru upphaflega sjö: málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind, tónlistargreind, samskiptagreind og sjálfsþekkingargreind. Fljótlega bætti hann þeirri áttundu við og kallaði umhverfisgreind.³⁶ Níunda greindargreiningin er svo í burðarliðnun hjá Gardner, tilvistargreindin, enda fullyrðir hann að þetta kerfi sé hvorki endanlegt né tæmanlegt.³⁷ Gardner telur þessa kortlagningu m.a. geta nýst sem grunn til að vinna út frá þegar efla á skilning á framandi menningarheimum. Slíkan skilning telur hann nauðsynlegan, ekki síst vegna síaukinnar menningarblöndunar bæði í skólum og annars staðar í samfélögum.³⁸ En gagnsemi kortlagningar greindanna er ekki síður nauðsynleg, að mati Gardners, vegna aukinnar áherslu skólakerfisins á yfirborðsþekkingu sem ekki nær að þroska nemendur til að öðlast dýpri skilning á veröldinni. Vegna áherslu á viðtæka þekkingu staðreynda, án þess að velta upp grundvallarspurningum um gildi og viðhorf, fjölgar stöðugt þeim nemendum sem festast í barnalegum ranghugmyndum, stöðluðum ímyndum og íhaldsömum vinnubrögðum. Því reiknar höfundur með því að fjölgreindarkenningin nýtist til að auka víðsýni og innsæi og vekja athygli á fjölbreyttum sjónarmiðum. Með því vonar hann að notkun hennar geri nemendum mögulegt að nýta þekkingu sína á viðtækari hátt en áður, við nýjar aðstæður og í framandi samhengi.³⁹ Eins og Gardner segir sjálfur í formála bókarinnar, þá álítur hann að grundvöllur kenningarinnar um fjölgreindirnar sé

virðing fyrir margbreytileika manna, fjölbreyttum námsaðferðum þeirra, fjölda möguleika á að meta námsárangur og hinum óteljandi leiðum sem menn geta farið til að setja mark sitt á veröldina.⁴⁰

³⁴ Armstrong 2001:13-14

³⁵ Sama rit:57-61

³⁶ Sama rit:14-15

³⁷ Sama rit:21

³⁸ Sama rit:135

³⁹ Sama rit:128

⁴⁰ Sama rit: 8

Þessi orð höfundar sýna svart á hvítu að fjölgreindarkenningin byggir á virðingu þó svo að Gardner viðurkenni sjálfur að þessi sundurgreining sé tilbúningur þar sem allir hafi greindirnar allar að einhverju leyti.⁴¹ En gagnsemi kenningarinnar er tvímælalaus ef hún nær að halda kennurum og skólayfirvöldum vakandi fyrir mikilvægi fjölbreytileikans í hópi nemenda og sem hjálpartæki við einstaklingsbundnar námsáætlanir. Þannig nær kenningin að stuðla að því að komið sé fram við nemendur af þeirri virðingu sem öllum ber.

Næsti kafli fjallar um hugmyndir nokkurra eldri brautryðjenda í menntamálum.

3 Frumkvöðlar í menntunarfræðum

Tvær síðustu aldir hafa verið tími getnaðar og fæðingarhríða nútímaskólakerfis. Segja má að barnið sé komið á koppinn og nú sé þroskinn ör og stígandi. Á þessum öldum, þeirri nítjándu og þeirri tuttugustu, fjölluðu margir heimspekingar um menntun, kennsluáðferðir, hvað ætti að kenna og jafnvel hverjum. Sumir þessara spekinga lögðu að baki langan lífsferil sem þeir nýttu að miklu leyti fyrir áhuga sinn á uppeldi og menntun og höfðu með því óvæfengjanleg áhrif á stöðu menntunar í dag. Þeir menntunarspekingar, sem í tímans rás hafa fjallað um inntak og áðferðir náms og kennslu, hafa notast við margvíslegar nálganir og áherslur. Engir tveir eru eins, en það má líka líta á að lífstarf þeirra var í hverju tilfelli mótað af þeim menningarheimi sem ákvarðaðist bæði af landfræðilegri staðsetningu og tímataalslegri.

Til að gera sér grein fyrir því hvort hægt sé að finna sameiginlega þætti og jafnvel rauðan þráð, sem tengja má hugtakinu virðingu eða öðru lykilatriði í menntun, verða hér skoðaðar kenningar nokkurra brautryðjenda í menntamálum sem höfðu og hafa jafnvel enn, áhrif á umræður og stöðu skólamála bæði fyrr og nú. Þeir eru allir afkastamiklir fræðimenn og rithöfundar og starf þeirra náði yfir tímabilið frá seinni hluta nítjándu aldar fram að lokum þeirrar tuttugustu.

- John Dewey (1859-1952) var bandarískur kennari og hugmyndasmiður sem lagði áherslu á virkni nemenda og raunveruleikatengt nám eins og kemur fram í einkunnarorðum hans 'learning by doing'. Á íslensku mætti útleggja það sem 'reynslunám' eða 'upplifunarnám'.⁴²

⁴¹ Armstrong 2001:20-21

⁴² Center for Dewey Studies 2004: www.siu.edu/~deweyctr/index.htm

- Bertrand Russel (1872-1970) var bandarískur heimspekingur, stærðfræðingur og samfélagsgagnrýnandi sem var þekktur fyrir andróður sinn við stríðsrekstur og kjarnorkuvopn, auk kennslu og fjölbreyttra fræði- og ritstarfa. Þrátt fyrir að hafa skrifað fjölmargar bækur, bæði í raunvísindum, sögu og mannúðarfræðum, enda fengið Nóbelsverðlaun í bókmenntum árið 1950, var hann rekinn sem kennari frá þrem háskólum, gifti sig fjórum sinnum og skildi jafn oft og sat a.m.k. tvisvar í fangelsi fyrir skoðanir sínar. Viðhorfum Russels til menntunar er kannski best lýst með þessum orðum hans: „Stóra spurningin er, hvort mannlegar verur geti vitað eitthvað með vissu og ef svo er, hvað og hvernig?“⁴³
- Paulo Freire (1921-1997) var brasilískur kennari og menntunarfræðingur, mikill andstæðingur einræðis og ofstjórnunar auk þess að vera svarinn óvinur þeirrar kennsluáferðar sem hann kallaði ‘ítroðslumenntun’ (banking education). Slíka menntun taldi hann fela í sér að nemendur væru kúgaðir af ofstjórn í höndum kennara. Freire vildi að menntun byggðist á umræðum og væri þannig tæki til að auka vísýni og færni með það að markmiði að auðvelda frjálsa ákvarðanatöku hvers einstaklings.⁴⁴

3.1 John Dewey

Dewey segir að eðli samfélaga sé að viðhalda kynstofninum með því að tryggja þroska og þróun einstaklinganna innan samfélagsins. Samfélög sem byggja á vélrænum samskiptum ná ekki til tilfinninga- og vitsmunapróska einstaklinganna og eru því í raun ekki eiginleg samfélög að mati Deweys. Samskipti einstaklinganna í samfélaginu eru það sem í raun menntar þá því samskiptin bæði yfirfæra eldri þekkingu, viðhorf og siði til yngri kynslóða en auk þess verður með samskiptunum til ný þekking. Það kemur til vegna þess að til þess að hugmynd, tilfinning eða skoðun sé meðtekin og samþykkt af öðrum aðila, þarf fyrst að ‘matreiða’ hana þannig að hann skilji hvað um er að ræða. Sá sem vill koma hugmynd á framfæri þarf að setja sig inn í hugarheim hins aðilans til að vera fullviss um að hann nái þeim skilningi sem ætlast er til. Því þarf hann að skynja tilfinningar hans og vitsmunastöðu. Þetta ferli er hin raunsanna menntun að sögn Deweys. Tjáskipti, sem verða til við samvinnu og leit að sameiginlegum skilningi vegna sameiginlegs markmiðs, varða veg til nýrrar þekkingar og breyttra viðhorfa.

⁴³ Russel 2003: <http://plato.stanford.edu/entries/russell/>

⁴⁴ Freire 2005: <http://www.infed.org/thinkers/et-freir.htm>

Samkvæmt Dewey felst nauðsyn menntastofnana fyrir samfélög í því að þar er hægt að koma að nauðsynlegri skilvirkni. Skólinn þarf að enduróma samfélagið en sjá um leið til þess að börnin læri á það í hæfilegum skömmtum sem miðast við aldur, hæfileika og þroska hvers einstaklings. Í skólum er hægt að sía frá óæskileg áhrif úr reynsluheimi daglega lífsins og skapa í staðinn hagstæðustu skilyrði sem eru möguleg á hverjum tíma til að ná hámarksárangri í þroskaferli og þróun einstaklinganna.

Dewey telur að meginmarkmið menntunar sé að kenna nemendum á það samfélag sem þeir búa í. Það þarf að gerast með því að setja sig inn í hugarheim nemandans og vinna út frá þeim stað sem hann er staddur á. Skólar þurfa að kynna fyrir nemendum aðstæður hins raunverulega samfélags og styðja þá á braut athafna innan þess ramma sem samfélagið byggir á. Dewey fjallar líka um mikilvægi athygli og meðvitundar og varar sterklega við yfirborðsmenntun og rútínu. Hins vegar eru tilfinningar mikilvægar að hans mati, enda telur hann að þær séu undirrót allra athafna og þar með framkvæmdasemi. Því þarf ekki bara að taka tillit til þeirra, heldur leggja sérstaka áherslu á að viðurkenna þær og hlúa að þeim. En líka að læra að stýra þeim.

Dewey telur að þroski barna fylgi ákveðnum ferli. Þar komi tjáningarpörf á undan herminámi, vöðvaþroski á undan skynjunarþroska og hreyfing lærist á undan meðvituðum tilfinningum. Þegar börnum er ekki leyft að þroskast eftir sínum eðlislæga ferli, en neydd til að vera aðgerðarlausir viðtakendur, segir Dewey að afleiðingin sé árekstrar og tímasóun; menntun sem sé dæmd til að fara forgörðum.⁴⁵

Áhersla Deweys á tjáskipti, skilning, tilfinningar og það að setja sig í spor nemenda ber með sér svo ekki verður um villst að kenningar hans og viðhorf byggjast á því að nemendum eigi að sýna virðingu og efla þannig sjálfsvirðingu þeirra.

3.2. *Bertrand Russel*

Russel veltir fyrir sér hvort menntun skuli eingöngu vera nytsamleg og kemst að þeirri niðurstöðu að þó nytsamleg menntun leiði til velfarnaðar mannkyns þá sé hún lítils virði ef menn gleymi því hvernig þeir geti notið lífsins. Þá á hann við hina fagurfræðilegu hlið menntunar, listir og bókmenntir. Þess vegna á menntunin að vera bæði nytsamleg og fagurfræðileg. En vegna síaukinnar þekkingar í heiminum má ekki binda sig í smáatriðum í almennri kennslu, það þarf að vera rúm fyrir nýjungar. Allt er

⁴⁵ Dewey 2001:107-123

Þetta nothæft í bland því þannig virkjar það ímyndunaraflið, sem er sá hvati sem skapar bæði innihald og verðleika lífsins.

Frá vangaveltum um innihald menntunar snýr Russel sér að kennsluáferðum, siðfræðimenntun og mótun persónuleika. Þarna er hann að fjalla um breyttar áherslur í menntunaraðferðum sem hann eignar mikilli framför á sviði sálarfræði. Í stað þess að gert sé ráð fyrir að börn vilji ekki læra og nota þurfi ytri aga (external discipline), hótanir og refsingar, eru komnar til sögunnar aðferðir innri hvatningar (intrinsic motivation) og sjálfsaga. Þessar aðferðir gera ráð fyrir að öllum börnum sé eiginlegt að vilja fræðast og efla færni sína, það þurfi eingöngu að bera verkefni þannig á borð að þau geti notið þeirra. Þess vegna þarf námsefnið að höfða til nemenda og vera framsett í þeim stærðar- og magnskömmtum sem hver og einn nemandi ræður við. Þessi kennslufræðilegu umskipti telur Russel vera ‘tæra snilld’ og þróun þeirra eignar hann Madame Montessori. Grundvallarhugmyndina segir hann vera að réttur agi felist ekki í þvingun, heldur því aðhaldi hugans sem leiði sjálfkrafa til jákvæðra athafna fremur en neikvæðra. Til að beita þessum kennsluháttum segir Russel að ekki þurfi að koma til einhverjir snillingar. Aðeins rétt þjálfun auk dágóðra skammta af samkennd og þolinmæði sé það sem kennarinn þurfi að leggja upp með.

Áður en hugað er að því hvernig menntun við viljum láta börnum í té, telur Russel að gera þurfi grein fyrir því hvers konar einstaklinga við viljum móta. Þau persónueinkenni sem honum finnast eftirsóknarverðust eru: líkamsþróttur, hugrekki, tilfinninganæmni og greind. Hvert þessara einkenna er til í ýktum útgáfum í ýmsar áttir en best er þegar þau fara öll saman og skapa líkamlega og andlega heilbrigðan einstakling með athygli sem byggir á forvitni vakandi meðvitundar vegna þorsta í þekkingu og samkennd með lífinu. Slíkur einstaklingur þarf líka að hafa til að bera sjálfsvirðingu byggða á sjálfsheiðarleika og dug til að láta hugsjónir sínar og drauma rætast, án þess ótta sem leiðir til valdníðslu og ofbeldis.⁴⁶

Þannig einstaklinga eigum við að stefna að því að móta með menntun, samkvæmt niðurstöðu sem fæst með því að draga saman aðalatriðin í kaflanum „Modern Philosophies of Education” í bók Russels *On Education*.

Lykilspurning Russels um vafasemi sanninda (sbr. bls. 11) og það viðhorf hans að öllum börnum sé eiginlegt að vilja læra og þroskast, lýsir víðsýni og innsæi. Afstaða hans felur í sér samkennd og skilning á fjölbreytileika manneskjunnar, tilfinningum

⁴⁶ Russel 1970:288-301

hennar og frjórri hugsun. Hann er harðsnúinn andstæðingur hvers kyns ofbeldis, bæði þess vopnaða og þess sem felst í refsingum og hótunum. Því er ljóst að viðhorf Russels byggja á virðingu fyrir einstaklingnum og gagnrýni á það sem er andstætt virðingunni, – ofbeldi; en jafnframt sjálfsvirðingu einstaklingsins, ígrundun og sjálfstæði.

3.3 Paulo Freire

Freire fullyrðir að menntun sé allt í senn, stjórnsmál (politics), listir og þekking. Kennarar verða, að hans mati, að hafa til að bera ákveðna þekkingu sem er háð ákvörðunum stjórnvalda á hverjum stað og tíma, en mikilvægara er þó að kennarar viti hvernig eigi að hjálpa nemendum til að afla sér sjálfir þekkingar. Kennarar mega ekki vera hlutlausir því með því styðja þeir verandi valdhafa. Þeir eiga hins vegar að koma hreint fram, án þess að dylja skoðanir sínar, en mega þó ekki gera minnstu tilraun til að þröngva þeim upp á nemendur. Þess í stað eiga þeir að hjálpa nemendum sínum með umræðum til að átta sig á og skilja þá valkosti sem eru í boði, svo þeir verði hæfir um að velja þá kosti sem samræmast markmiðum þeirra og draumum. Starf kennarans krefst því frumleika og innsæis listamannsins, því til að geta hjálpað nemendum þarf hann að geta sett sig í spor þeirra.

Í umfjöllun sinni um þá eiginleika sem kennarar verða að vera gæddir fjallar Freire m.a. um auðmýkt. Kennarar verða að hafa þá auðmýkt sem þarf til að sætta sig við að viðurkenna nýja þekkingu sem fellir úr gildi eldri þekkingu. Auðmýktin er líka nauðsynleg til að kennarinn geti skynjað tilfinningar og sett sig í spor nemenda eins og áður sagði. Líkt og Dewey leggur Freire áherslu á að hjálpa nemendum til þroska, út frá þeim stað sem þeir eru staddir á en ekki út frá staðsetningu kennarans.

Annar mikilvægur hæfileiki kennara að mati Freire er þolinmæði en líka andstæða hennar, óþreyjan. Til að hjálpa nemendum að ná markmiðum sínum án þess að skemma þau eða missa móðinn þarf kennarinn að beita óþreyjufullri þolinmæði.

Umburðarlyndi er enn einn nauðsynlegur hæfileiki kennara sem Freire segir reyndar að innifeli bæði auðmýkt, þolinmæði og virðingu. Umburðarlyndi hjálpar kennurum að virða nemendur eins og þeir eru; mismunandi að eiginleikum og viðhorfum. Kennarinn þarf að geta sætt sig við og sett sig í þá stöðu sem nemendur eru staddir í og má heldur ekki falla í þá gryfju að líta á nemendur sem óvini þótt þeir hafi viðhorf og skoðanir sem eru andstæð hans eigin. Að lokum þarf kennarinn

umburðarlyndi til að meðtaka einstaklinginn eins og hann er, en ekki sem einsleit eintök í mengi skólabeckjar.

Freire nefnir að lokum þann hæfileika að geta elskað nemendur sína með samskonar ást og leiðir af sér ábyrgð uppalenda, ást af því tagi sem inniheldur viðurkenningu og hvatningu til handa nemendum.⁴⁷

Hugmyndir Freire bera greinilega með sér að kennsla og uppeldi barna eiga að byggjast á virðingu sem ein getur leitt af sér þá eiginleika sem Freire tilgreinir að kennarar þurfi að hafa til að bera. Að hans mati á kennsla að snúast um samræður sem leiða til þess að nemandinn geti sjálfur komist að niðurstöðu á eigin forsendum. Framkoma kennarans og fordæmi, auðmýkt, þolinmæði, umburðarlyndi og væntumþykja er virðing sýnd í raunveruleika. Það felst líka virðing í andstöðu hans við hvers kyns ofríki og ofstjórn, svo sem því að nemendur séu eins og óvirk ílát sem fræðslu er hellt í.

3.4 Hinn rauði þráður

Einkunnarorð Deweys 'learning by doing' liggur beint við að skilja sem svo að upplifunarnám sé í meiri metum hjá honum en orðanám. Enda leggur hann líka mikla áherslu á tilfinningar og það að skilja hugarheim barna, sama innsæi og er að finna hjá Freire. Annar leggur áherslu á raunveruleikatengt upplifunarnám, hinn á samskipti með áherslu á umræður. Báðir vilja sporna við því að börn séu aðgerðarlausir viðtakendur, sbr. ítroðslumenntun Freire, heldur eigi kennarinn að hjálpa þeim með innsæi sínu til þroska, út frá þeim stað sem hver og einn nemandi er staddur á.

Að þessu hefur Russel nokkuð aðra nálgun, a.m.k. í þeim heimildum sem hér hafa verið skoðaðar. Hann er hrifinn af aðferðum í kennslu sem leiða til þess að nemendur hafi nógu gaman af náminu til að agavandamál verði úr sögunni. Þetta er gert, enn og aftur, með því að setja sig inn í hugarheim barnanna og hefja námið á þeim stað sem þau eru stödd en nú með vakandi meðvitund um að börnum sé eiginlegt að vilja þroskast og læra. Freistandi er að álykta að með því að námið höfði til nemenda þá nái þeir að upplifa það og í því felist það að hafa gaman af náminu. Þannig er það líka andstæða hinnar neikvæðu 'ítroðslumenntunar' Freire. Russel er með það á hreinu að kennarinn þarf að hafa til að bera innsæi, auk allra þeirra hæfileika sem fyrr eru taldir upp í umfjöllun um kenningar hans.

⁴⁷ Freire 1985/1996:185-188

Greinilegt er því að hugmyndum þessara þriggja menntunarfræðinga er það fyrst og fremst sameiginlegt að kennsla þarfnast innsæis kennarans í hugarheim nemenda. Til að hafa slíkt innsæi er nauðsynlegt að virðing sé borin fyrir nemandanum hvar sem hann er staddur á þroskaferli. Því er árangur menntunar ekki síður háður því samkvæmt kenningum þessara meistara að kennari sýni nemendum virðingu en í öðrum menntunar- og skólustefnum.

4 Próunarstarf og skólustefnur

Í lögum um grunnskóla frá 1995 sem tóku gildi 1. ágúst 1996 er gamalkunnug grein um það að grunnskólinn skuli „leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.” Þar segir líka að í starfi skólans skuli leggja áherslu á „að efla sjálfs- og félagsvitund nemenda” og „stuðla að [...] ábyrgri umgengni við líf og umhverfi.” Og að lokum skal í öllu skólustarfi „tekið mið af mismunandi persónugerð, þroska, hæfileikum, getu eða áhugasviðum nemenda.”⁴⁸ Aðalnámskrá grunnskóla tekur þessi markmið upp, sumt orðrétt, sumt endursagt. Auk þess leggur hún áherslu á gagnrýna, sjálfstæða hugsun, hæfni til að bregðast við breytilegum aðstæðum, umburðarlyndi og virðingu, heilbrigða dómgreind og verðmætamat.⁴⁹

Hér er markið sett hátt. Spurningin er hvort grunnskólarnir á Íslandi rísi undir þessum væntingum, hve mikið og hve almennt. Þyrfti ekki að kúvenda starfsháttum skólanna ef þeir ættu að ná svo sem helmingi þessara markmiða, auk allra þeirra sem eru í hverri skyldunámsgrein? Þyrfti ekki að fjölga kennurum, taka upp einstaklingsmiðað nám, fækka í bekkjardeildum og auka og endurbæta kennaramenntun? Vissulega væri þetta allt æskilegt og raunin er að víða eru a.m.k. sum þessara markmiða í sigtinu.

Í október 2005 voru stofnuð *Samtök áhugafólks um skólaþróun*. Þar mættu um 300 manns og í dag (27. mars 2006) eru meðlimir samtakanna orðnir 320.⁵⁰ Greinilegt er að svo mikill áhugi fólks um skólaþróun stafar af því að skólakerfið þarfnast endurbóta. Ekki mætti allt þetta fólk eingöngu til að hlusta á ræðuhöld af því að fyrirlesararnir væru svo skemmtilegir. Vissulega voru þeir skemmtilegir en þarna hittist

⁴⁸ Lög um grunnskóla nr. 66 1995:1-5

⁴⁹ Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti 1999:15

⁵⁰ Samás – Samtök áhugafólks um skólaþróun: <http://vefir.khi.is/skolathroun/>

fólk af því að það átti sér sameiginlegan draum, – draum um enn betri skóla á Íslandi, þó flestir þeirra séu alls ekki slæmir og örugglega engir alslæmir.

En draumar um enn betri skóla á Íslandi birtast víðar en á stofnfundi samtaka um skólaþróun. Skólaþróunarverkefni eru víða í gangi í grunnskólum landsins og sums staðar hafa þróunarverkefni verið í gangi um langt árabíll. Til dæmis tóku 42 skólar upp Olweusarkerfið gegn einelt árið 2002.⁵¹ Varla er þarna um þróunarverkefni að ræða lengur en í öllu falli var því þannig farið með fyrstu skólana sem tóku upp þetta kerfi.⁵²

Dæmi um áhugavert þróunarverkefni sem búið er að skipuleggja fyrir næsta skólaár (2006-2007) er þróunarverkefni í Hamraskóla sem Ingvar Sigurgeirsson prófessor í kennslufræðum við KHÍ er ráðgefandi um. Á heimasíðu Ingvars má sjá að þarna á að leggjast í viking með það að leiðarljósi að efla einstaklingsmiðað nám og fjölbreytta kennsluhætti, jákvæða bekkjarstjórnun og skólabrag.⁵³ Víst er að þetta styður allt hvert annað.

Í starfsáætlun verkefnisins er lögð mikil áhersla á fræðslu og umræður starfsfólks um áhugavert skólustarf en auk símenntunar og ígrundunar er ætlunin að skapa aðstæður fyrir kennara til að þróa kennsluáferðir skipulega og miðla öðrum af reynslu sinni.⁵⁴

Á heimasíðu Ingvars Sigurgeirssonar er einnig að finna áætlun um þróunarverkefni Öldutúnsskóla sem stendur yfir á þessu skólaári (2005-2006) og kallast *Nemandinn í forgrunni*. Áherslur þess eru að mörgu leyti svipaðar og Hamraskóla en auk einstaklingsmiðunar er þar fjallað um skapandi starf, samvinnunám, heildstæð viðfangsefni, upplýsingaleit, úrvinnslu og fjölbreytta miðlun.⁵⁵ Ekki er þar með sagt að þessi atriði rúmist ekki innan áætlunar Hamraskóla þar sem skilgreining hennar er mjög víðtæk.

Í grunnskólunum á Akureyri og nágrenni er verið að vinna gróskumikið starf í skólaþróunarmálum eins og annars staðar á landinu, sem sjá má á heimasíðum skólanna. Hér á eftir fara nokkur dæmi um þróunarverkefni sem annað hvort er lokið eða verið er að vinna að og áhugavert er að skoða með tilliti til þess hvort þau vinni með virðingarhugtakið eða hvort eitthvað annað sé þar lykilatriði. Flest þessara

⁵¹ Olweusarkerfið gegn einelti: <http://olweus.is/kannanir.cfm>

⁵² Menntamálaráðuneytið: www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/Frettabref/nr/687

⁵³ Ingvar Sigurgeirsson 2006: <http://starfsfolk.khi.is/ingvar/throunarverkefni.html>

⁵⁴ Sama heimild

⁵⁵ Sama heimild

þróunarverkefna fela að einhverju leyti í sér vinnu með *dyggðir* eða *gildi* og því er rétt að huga fyrst að því hvað felst í þessum hugtökum.

4.1 *Dyggðir og gildi*

Í bókinni *Stefnur og straumar í siðfræði* er kafla þar sem finna má umfjöllun um dyggðir. Þar er upplýst að Aristóteles skilgreindi dyggð sem eiginleika í fari einstaklings sem birtist í vanabundinni breytni og hefði áhrif í þá átt að honum farnaðist vel í lífinu. Enn fremur að dyggð væri alltaf meðalvegur á milli tveggja lasta, þar sem annar réðist af skefjaleyssi en hinn af skorti. Þannig er hugrekki meðallag fífldirfsku og hugleysi. Hófsemi er þá meðallag nísku og sóunar. Seint á tuttugustu öld stakk háskólaprófessor í Texas upp á því að dyggðir og lestir væru þeir eiginleikar sem tekið væri mið af þegar metið skyldi hvort æskilegt væri að sækjast eftir samskiptum við einstakling eða ekki. Dyggðir eru þá þeir eiginleikar sem eru eftirsóknarverðir en þeir verða að sjálfsgöðu að tilheyra vanabundinni breytni einstaklingsins.⁵⁶ Það þýðir ekkert að vera bara heiðarlegur á sunnudögum til að öðlast vinsældir!

Dyggðir eru margar og það er líka misjafnt mat manna á því hvað eru eftirsóknarverðar dyggðir og hverjar skipta minna máli. Nú til dags er til dæmis meira lagt upp úr því að vera án lastanna nísku og sóunar en að hafa til að bera hófsemi í því sem snertir daglegt líf.

Í handbók um lífsleikni er sagt að þau orð sem oftast séu nefnd þegar spurt er um hvað einkenni góð samskipti séu: *Virðing, traust, skilningur, jákvæðni, sveigjanleiki, einlægni og þolinmæði*.⁵⁷ Þessar dyggðir, eða gildi, virðast vera í miklum metum í dag en í skólamálaumræðunni er líka oft talað um umhyggju, víðsýni, samkennd og umburðarlyndi, svo eitthvað sé nefnt.

Samkvæmt títtnefndum Aristótelesi, sem uppi var rúmlega þrem öldum fyrir Krists burð, þá eru dyggðir það sem siðfræði mannsins snýst um. Aðrir heimspekingar eftir hans dag, s.s. Sókrates og Platón höfðu svipaða afstöðu. Hjá þeim var skynsemin við stjórnvölinn og stjórnaði því hvaða persónuleikaeigindir voru taldar dyggðir. Seinna tók kirkjan yfir völdin og þá voru það hin kristilegu gildi, trú, von og kærleikur, auk

⁵⁶ Rachels 1997:212-214 og 222

⁵⁷ Erla, Jóhann Ingi og Sæmundur 2004:95

hlýðni, sem skipuðu öndvegi. Að lokum varð til það sem kallaðist siðalögmál og þá var áherslan komin á rétta breytni en ekki dyggðir.⁵⁸

Í dag er víða verið að vinna í grunnskólum landsins með dyggðir, sem eftirsóknarverð almenn gildi og má því segja að á vissan hátt sé búið að loka hringnum. Í siðfræðinni eru taldar upp nokkrar dyggðir, s.s. sanngirni, samúð, sjálfstraust og umburðarlyndi en um leið er bent á að við þann lista megi bæta fleiri eiginleikum.⁵⁹ Þó að virðing sé ekki með í þessari upptalningu er auðvelt að sjá að margar þeirra dyggða sem eru þar upptaldar eru óhugsandi án þess að virðingin fylgi í farteskinu. Í þeim skólum sem vinna með dyggðir er virðingin oft efst á blaði eins og fram kemur hér á eftir.

Í næstu köflum verður skoðuð dyggðavinna með meiru, eða sitthvað af því sem verið er að gera í grunnskólum landsins og miðar að betri skóla og bættu samfélagi, í því skyni að leita að sameiginlegu stefni.

4.2 Einstaklingsbundið nám í Brekkuskóla

Vorið 2004 hófst vinna við þróunarverkefni í Brekkuskóla á Akureyri sem kallast *Einstaklingsbundið nám og námsmat*. Í lokaskýrslu um verkefnið frá nóvember 2005 segir að verkefnið miði að því að koma betur á mótis við þarfir hvers og eins nemanda og auka samvinnu við foreldra. Markmiðið er sameiginleg sýn og ábyrgð skóla, foreldra og nemenda. Þetta á að gera með

umræðum innan skólans, því að víða að sér efni og hugmyndum um leiðir, nánari stefnumótun varðandi einstaklingsmiðun náms, fræðslu til kennara og umfjöllun um kennsluaðferðir, endurskoðun á formi samskipta heimila og skóla, þróun nemendaviðtala og starfsháttum í námsverum innan skólans.

Nánari útfærsla felur í sér áherslur á vandað nám, samhug og samstarf, upplýsingaflæði, fjölbreyttar kennsluaðferðir og aðlaðandi umhverfi.

Þarna koma líka fram einkunnarorð skólans sem eru: *Menntun* (tilgangur), *gleði* (öryggi og vellíðan), *umhyggja* (hjálp án fordóma) og *framfarir* (hvers einstaklings án samanburðar/skóli sem lærir).⁶⁰

⁵⁸ Rachels 1997:209-210

⁵⁹ Rachels 1997:214

⁶⁰ Brekkuskóli 2006: www.brek.akureyri.is/ymislegt/skyrsla%20throunarverkefni%2005.pdf

Markmið einstaklingsbundins náms geta aldrei náðst í reynd nema lögð sé rækt við að sýna hverjum og einum nemanda virðingu í verki. Þetta gerir starfsfólk Brekkuskóla sér greinilega ljóst með þeim áhersluþáttum sem hér koma fram.

4.3 Foreldrasamstarf í Oddeyrarskóla

Einkunnarorð Oddeyrarskóla eru *virðing- vinátta- víðsýni*. Þessum einkunnarorðum er fylgt eftir með samblandi af hvatningu og heitstrengingu:

Hugsum á tungumáli vonar og möguleika. Við viljum leggja okkar að mörkum til þess að þjóðfélagsþegnar framtíðarinnar hafi þekkingu og hæfileika til að virða ólíkt gildismat, rækta með sér velvild og hugsa á jákvæðan og sanngjarnan hátt.

Oddeyrarskóli er *Leiðtogaskóli í foreldrasamstarfi* og hóf þá vinnu sem þróunarverkefni haustið 2002 undir handarjaðri Ingibjargar Auðunsdóttur. Til hliðsjónar voru hafðar hugmyndir Joyce L. Epstein, sem tekur á tengslum heimila og skóla með því að skipta þeim niður í sex svið: Uppeldi, samskipti, sjálfboðavinnu, heimanám, ákvarðanatöku og samstarf við samfélagið. Sendir voru spurningalistar á öll heimili og foreldrar beðnir að forgangsraða hugmyndum um samskipti á þessum sex sviðum. Eftir þá áætlun var gerð þriggja ára framkvæmdaáætlun sem síðan var kynnt foreldrum. Fyrir utan fræðslu- og vinnufundi voru helstu verkþættir þennan vetur að senda jákvæða umsögn heim til allra nemenda, auk þess að kennarar heimsóttu alla verðandi 1. bekkinga næsta skólaár til að kynna sig og hitta fjölskylduna.

Í upphafi næsta skólaárs var gerð úttekt og áætlanir um heimanám auk þess sem haldið var áfram þar sem frá var horfið. Gerð var tilraun með að auka samskipti milli umsjónarkennara 5. bekkjar og heimila nemendanna. Önnur nýbreytni var helst að send voru jólakort heim til allra nemenda og foreldra þeirra og fermingarkort voru líka send í tilefni þeirra tímamóta. Starfið heldur áfram með heimsóknum, kynningum og fræðslufundum og auk þess er nokkuð um það að Oddeyrarskóli sjái um málstofur þar sem leiðtogastarfið er kynnt fyrir öðru skólafólki.⁶¹

Í starfi Oddeyrarskóla er lögð áhersla á virðingu og sést það bæði á einkunnarorðum skólans og því að nemendum er kennt að virða ólíkt gildismat. Heimsóknir á heimili nemenda er líka virðing sýnd í verki. Samkvæmt samtali við Helgu skólastjóra hefur sá ávinningur sem enn hefur skilað sér einkum verið á

⁶¹ Oddeyrarskóli 2006: www.oddak.akureyri.is/

félagslega sviðinu og falist í auknum kynnum milli heimila og skóla, auknu trausti og jákvæðara andrúmslofti. Það er þó von allra og trú að þetta starf eigi seinna eftir að skila sér á námslega sviðinu líka.⁶²

4.4 Barnið í brennidepli í Síðuskóla

Þróunarverkefnið *Barnið í brennidepli* er samstarfsverkefni Síðuskóla og þriggja leikskóla í Síðuhverfí. Auk þess koma að verkefninu skólaskrifstofa Akureyrarbæjar og ýmsar aðrar stofnanir bæjarins, skólaþróunarsvið kennaradeildar Háskólans á Akureyri og foreldrar. Formleg vinna með foreldrum hófst haustið 2004 og er áætlað að hún taki tvö til þrjú ár. Markmiðið er að efla foreldra í hlutverki sínu og auka samvinnu milli allra sem koma að uppeldi barna, draga úr áhættuþáttum og auka verndandi þætti í umhverfinu, samhæfa starfsemi þjónustukerfa, efla siðgæðisvitund og bæta námsárangur og líðan barna og unglunga. Við gerð framkvæmdaáætlunar var tekið mið af niðurstöðum þarfagreiningar meðal foreldra, auk viðhorfa um rétt til farsæls lífs, eins og þau birtast í íslenskum lögum og alþjóðlegum skuldbindingum. Könnunin leiddi í ljós ósk um stuðning í foreldrahlutverkinu og þá einkum í formi fyrirlestra, námskeiða, umræðuhópa og persónulegrar ráðgjafar. Haldnir voru kynningarfundir með öllum aðilum sem tengjast umönnun barna í hverfinu og komu margar tillögur fram. Mótuð var sýn á uppeldismál og eru tekin hér nokkur dæmi úr henni:

- að stuðla að jákvæðum aga, samkennd og hvatningu
- að samvinna, virðing og stuðningur sé milli allra aðila
- að börnin öðlist sterka sjálfsmynd, læri að bera ábyrgð á sjálfum sér, taki sínar ákvarðanir og standi við þær
- að vera með markvissa lífsleiknikennslu í grunnskólanum, vinna með dyggðir og efla tilfinningaþroska.

Þessi sýn er væntanlega það markmið sem unnið skal að og er hún í fyllsta samræmi við nafn verkefnisins. Enda leggur hún áherslu á að allir leggist á eitt við það að efla samkennd og virðingu og það að styrkja sjálfsmynd hvers einstaklings.⁶³

⁶² Helga Hauksdóttir 2006

⁶³ Skólaþróunarsvið HA: <http://vefir.unak.is/skolathroun/barnid/>

Birna Svanbjörnsdóttir, starfsmaður verkefnisins, segir það mat sitt að vinnan við *Barnið í brennidepli* sé farin að skila árangri en hún bendir jafnframt á að rannsóknir erlendis hafi sýnt að „aukin þátttaka foreldra í skólastarfi, reglufesta, virðing og samvera í uppeldi skili sér í bættri líðan og auknum námsárangri barna og unglinga.“⁶⁴

4.5 Dyggðavinnan í Hrafnagilsskóla

Á heimasíðu Hrafnagilsskóla, www.krummi.is, má sjá að þar er í gangi mikil umbótavinna þó skólastjórinn vilji ekki kalla það eiginlegt þróunarverkefni.⁶⁵ Sú vinna byggir á hugmynd *Íslensku menntasamtakanna (The Council for Global Education)*.

Hrafnagilsskóli hefur bæði ákveðna skólasýn, ígildi einkunnarorða annarra grunnskóla, en auk þess leggur skólinn áherslu á ‘hornsteina menntunar.’ Skólasýn Hrafnagilsskóla er að *allir hafi það góða í sér og möguleikann til að verða betri manneskjur*, en hornsteinarnir eru fjórir og innihalda:

- *Dyggðir*. Þær skapa virðingu, góðvild og ábyrgð gagnvart sjálfum sér og öðrum.
- *Að gera allt framúrskarandi vel*. Þetta skal vera leiðarljós nemenda.
- *Þjónustu við samfélagið*. Umhyggja fyrir umhverfinu styrkir sjálfsmynd.
- *Skilning*. Þegar samkennd, virðing og færni í mannlegum samskiptum hefur aukist með auknum skilningi, þá hjálpar það nemendum til að líta á margbreytileika mannlífsins sem kost en ekki galla.

Í Hrafnagilsskóla eru skipulagðar samverustundir, á hverjum morgni hjá 1. til 7. bekk, vikulega hjá unglingastigi og mánaðarlega hjá öllu starfsfólki og nemendum. Þessar samverustundir eru í mjög föstu formi og hefjast allar með því að nemendur og starfsfólk fer með skólaheitið, sem hljóðar svo: „Ég kem í skólann til að læra og nýta hæfileika mína til fulls.“ Auk samverustunda eru skipulagðir gæðahringar en það nafn er notað á bekkjarfundi og með því vísað bæði til markmiða og forms fundanna. Gæðahringarnir byggjast á hugmyndum úr bókunum *Educating for Character* eftir Thomas Lickona og *Circle Time, a practical book of Circle Time lesson plan*. Markmið

⁶⁴ Birna Svanbjörnsdóttir 2006

⁶⁵ Karl Frimannsson 2006

gæðahringanna er að auka og bæta samskipti á margvíslegan máta, setja reglur og markmið, hrósa, fagna og ígrunda.⁶⁶

Samkvæmt viðtali við skólastjóra Hrafnagilsskóla er unnið með dyggðir reglulega. Þá er hver dyggð kynnt á margvíslegan hátt og rætt um hana í gæðahringum og samverustundum.⁶⁷

Í Hrafnagilsskóla er sem víðar lögð áhersla á eflingu virðingar, umhyggju, samkenndar og sterkrar sjálfsmyndar í skólastarfinu eins og sést á þeim ‘hornsteinum’ sem unnið er út frá.

4.6 Vildarvog Vesturbæjarskóla

En það er víðar verið að vinna að þróunarverkefnum í grunnskólum landsins en í eða nálægt skólabænum Akureyri og verður að teljast lágmarkið að skoða slíkt starf í einum skóla á höfuðborgarsvæðinu.

Vildarvogin á sér danskan uppruna eins og sjá má á vefsíðu hennar og þar er hún skilgreind sem

aðferð til að auðvelda fólki að verða sammála um það sem skiptir mestu máli (kjarnagildi) í starfsemi stofnana og fyrirtækja. *Vildarvogin* byggir annars vegar á aðferð heimspekinnar um samræðu og lýðræðisleg vinnubrög í samfélaginu og hins vegar um kröfu samtímans um mat á árangri og aukna þjónustu stofnana og fyrirtækja.⁶⁸

Vildarvogin er langtímaverkefni sem unnið er í nokkrum þrepum. Hana má nota bæði í stofnunum og fyrirtækjum en fyrir skólann eru þrepin þau að

- helstu hagsmunaðilar skólans eru skilgreindir
- hagsmunaaðilar finna kjarnagildi, þ.e. hvað skiptir mestu máli í skólastarfinu
- hagsmunaaðilar leggja árlega mat á það hvort verið er að vinna eftir kjarnagildunum
- niðurstöður matsins eru greindar og kynntar hagsmunaaðilum
- niðurstöðurnar eru notaðar í starfsáætlun skólans

Í Vesturbæjarskóla hófst vinna með *vildarvogina* á vordögum 2002 og kjarnagildin sem hagsmunaaðilar komu sér saman um eru *virðing, traust, jákvæðni,*

⁶⁶ Hrafnagilsskóli (án ártals): www.krummi.is

⁶⁷ Karl Frimannsson 2006

⁶⁸ *Vildarvog Vesturbæjarskóla* 2005: www.vesturbajarskoli.is/vildarvog/

metnaður, samkennd, gleði og ábyrgð. Til að skilgreina gildin og koma þeim inn í skólastarfið var ákveðið að gefa hverjum mánuði í skólaárinu eitt gildi. Þennan mánuð var gildið gert að umræðuefni á skipulögðum fundum hjá öllum hagsmunaaðilum skólans. Spakmæli sem tengjast gildinu voru hengd upp og safnað var skilgreiningum um viðkomandi gildi hjá öllum hagsmunaaðilum. Auk þess var unnið með gildið á ýmsan annan hátt, valið námsefni sem tengdist gildinu, haldin námskeið um gildið og gildið sýnt í verki, t.d. *samkennd* með því að safna dósnum til styrktar bágstöddum.

Þessari vinnu var svo haldið áfram næstu skólaár, unnið með námsefni í tengslum við gildin, verkefnið kynnt reglulega, bæði með fréttabréfi, á námskeiði fyrir foreldra 6 ára barna og með upplýsingum á vefsíðu vildarvogarinnar. Ekki hefur enn verið gert formlegt mat á því meðal hagsmunaaðila hvort vildarvogarvinnan sé að skila árangri, m.a. vegna þess að ekki hafa fengist til þess fjármunir. En eins og segir á vefsíðu vildarvogarinnar þá er það óformlegt mat þeirra sem tóku saman þá skýrslu um verkefnið sem hér hafa verið sóttar upplýsingar í, að

vildarvogsvinnan hafi skilað miklum árangri, sérstaklega í þá veru að fleiri sjónarmið eru tekin til skoðunar og skólinn hefur sýnt metnað í [svo] að bera virðingu fyrir sjónarmiðum foreldra og nemenda.⁶⁹

Þar segir líka að nemendur séu orðnir vel meðvitaðir um gildin og að þau hafi opnað bæði ‘augu þeirra og huga’ fyrir umhverfinu.

Vildarvogin átti sér hálf leiðinlegan aðdraganda sem sagt er frá á vefsíðu hennar. En leiðindin leiddu af sér metnaðarfullt starf sem ber með sér að vera aðstandendum sínum til mikils sóma og á vonandi eftir að leiða til góðs um ókominn tíma. Í kjarnagildum Vesturbæjarskóla er virðing efst á blaði. Virðing er líka lykilatriði í þeirri vinnu sem vildarvogin byggir á samkvæmt framansögðu því í því felst virðing, gagnvart nemendum, foreldrum og starfsfólki, að taka til greina sjónarmið þeirra allra.

5 Aðrar kenningar og þróunarverkefni

Á vefsíðu skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri eru kynntar nokkrar erlendar stefnur sem fela í sér forvarnarstarf og unnið er eftir með það að markmiði að bæta líðan og námsárangur nemenda. Hér á eftir er ætlunin að skoða *Uppbyggingarstefnuna* sem einnig er fjallað um í bókinni *Lífsleikni*, auk þess sem lauslega verður litið til annarra

⁶⁹ Vildarvog Vesturbæjarskóla 2006: www.vesturbajarskoli.is/vildarvog/

verkefna. Að lokum verður sjónum beint að aðferðum *Avatar* sem líka er hægt að skoða á vefslóðinni www.avatar.is.

5.2 Uppbyggingarstefna

Í Foldaskóla í Reykjavík hefur verið notuð kanadísk stefna sem hefur verið í þróun í tvo áratugi þar í landi og kallast *Uppbyggingarstefna (Restitution)*. Hún er fólgin í þjálfun í sjálfstjórn og sjálfsaga sem aftur byggist á innri krafti eða lífsgildum frekar en utanaðkomandi reglum. Markmiðið er að kenna börnum að bera ábyrgð á sjálfum sér með því að gera sér grein fyrir því hvers konar manneskjur þau vilji vera og móta hegðun sína í samræmi við það. Til þess þurfa börn að læra að meta hegðun sína án sektarkenndar og ótta. Notaðar eru umræður í öruggu umhverfi þar sem áhersla er lögð á það að leyfilegt sé að gera mistök. Með því að beinast að jákvæðum og uppbyggjandi lífsgildum er uppbyggingin andstæða meðferðar sem byggir á atferlismótun, umbun og refsingu. Umræður og vinna með lífsgildi, sem hverjum og einum þykir mikilvæg bæði fyrir hann sjálfan og sem þáttakanda í samfélaginu, eiga að efla tilfinningaþroska, félagsfærni og siðvit. Með því er verið að styrkja sjálfsmýnd hvers einstaklings, auk þess sem honum eru kenndar aðferðir til að uppfylla þarfir sínar. Reynt er að komast að samkomulagi allra innan skólans um þau lífsgildi sem eiga að hafa forgang ásamt mótun skilgreininga og reglna sem styðja þessi lífsgildi.⁷⁰ Í uppbyggingarstefnunni er gengið út frá því að öll hegðun hafi tilgang og að engir tveir hafi sömu skynjun og tilfinningu fyrir veruleikanum. Því er það eitt af markmiðum stefnunnar að kenna börnum og unglingum að skilja sjónarmið annarra með því að setja sig í þeirra spor.⁷¹

Uppbyggingarstefnan byggir greinilega á virðingu gagnvart nemendum eins og sést á vef Símenntunarstofnunar KHÍ en þar segir:

Uppbyggingarstefnan leggur áherslu á samskipti fremur en reglur. Á ábyrgð fremur en hlýðni. Á virðingu fremur en stjórnugjöf. Rannsóknir á skólustarfi hafa sýnt að þegar kennarar og nemendur sýna hver öðrum gagnkvæma virðingu batna skilyrði til að læra og einkunnir fara hækkandi.⁷²

⁷⁰ Skólaþróunarsvið HA (án ártals): <http://vefir.unak.is/skolathroun/barnid/forvarnir.htm>

⁷¹ Erla, Jóhann Ingi og Sæmundur 2004:129

⁷² Símenntunarstofnum KHÍ (2006): <http://simennt.khi.is/namskeid/namskeid.asp?id=379>

5.3 Samstarf heimilis, skóla og samfélags

Samstarf heimilis, skóla og samfélags (The Home, School, Community, Liaison Scheme, HSCL) hefur verið þróað á Írlandi frá árinu 1990. Markmiðið er að efla foreldrana sem kennara barna sinna, gera skólann að samfélagslegri hjálparhelli og þróa viðhorf og hegðun kennara varðandi samvinnu og skólanálgun. Þessi vinna er unnin undir umsjón svokallaðra samræmingaraðila sem hafa yfirumsjón með fræðslu og þjálfun kennara og foreldra og eru auk þess tengiliðir þessara aðila út í aðrar stofnanir þjóðfélagsins. Þeir eiga að sjá til þess að styrkja foreldra í hlutverkum sínum og ganga eftir því að þeir séu virkir í skólastarfinu, t.d. með því að koma á markvissum heimsóknum milli foreldra. Í þeim heimsóknum er gengið út frá því að hvatning sé lykilorðið. Sérstök áhersla er lögð á að vinna með foreldrum barna sem hafa samfélagslegar, tilfinningalegar eða heilsufarslegar hömlur sem hindra þau í námi.⁷³

Að þróa viðhorf, hvetja og losa um hindrandi hömlur verður ekki gert án þess að leggja rækt við virðingu. Verið er að vinna með samskipti í þessu verkefni og því er nokkuð víst að virðing skipar öndvegi hér sem víðar.

5.4 Samfélög sem sýna umhyggju

Samfélög sem sýna umhyggju (Communities that Care, CtC) er verkefni sem hefur líka verið þróað frá árinu 1990 en kemur upphaflega frá Bandaríkjunum. Þetta starf hefur að markmiði að greina áhættuþætti og minnka þá og styrkja verndandi þætti í lífi unglunga. Það er því forvarnarstarf sem beinist sérstaklega að glæpum, vímuefnaneyslu og sjálfsvígum. Í því felst m.a. vinna við að styrkja tengsl unglunganna við fjölskyldumeðlimi, kennara og vini og foreldrum er boðið að fara á námskeið í foreldrafærni, auk þess sem þeim er veittur samfélagslegur stuðningur í sínu hlutverki.⁷⁴

Ekki er mögulegt að styrkja tengs milli fólks án þess að efla hlut virðingar í þeim tengslum. Í foreldrafærni felst líka mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og ekki síður að koma fram við börn og unglunga af virðingu.

⁷³ Skólaþróunarsvið HA (án ártals): <http://vefir.unak.is/skolathroun/barnid/forvarnir.htm>

⁷⁴ Sama heimild

5.5 Avatar – ‘Aftur upp á yfirborðið’ í skólana

Ava merkir himinn og tara merkir jörð. Orðið avatar kemur úr sanskrít og er notað til að lýsa manneskju sem er á sama tíma bæði af himni og jörðu. Avatar er því sá sem meðtekur öll sjónarmið, frá háu að lágu, inniheldur alla tilveruna en streitist ekki gegn hluta hennar.⁷⁵ Avatarfræðin eru öflugt og hreinskipt kerfi til sjálfsþroska. Það kennir aðferðir til að kanna og virkja meðvitundina og byggir á því að hver einstaklingur er yfirvald og skapari eigin lífs og því er upplifuð veröld hans mótuð af meðvitundinni en ekki öflugt. Sannleikur er því það sem hver og einn skapar.⁷⁶

Þar sem hver og einn skapar líf sitt og þar með skynjun sína þá er ekkert það til sem ekki er hluti af honum sjálfum, hvorki hlutur né maður. Sérhvert álit er því sjálfsálit og öll gagnrýni sjálfs gagnrýni. Avatar segir að við sköpum tilveru okkar með viðhorfum og

þegar við áttum okkur á því að eini munurinn á okkur eru þau viðhorf sem við höfum og að auðvelt er að skapa þau eða afmá, [þá] mun samhugur og samvinna taka við af togstreitunni um hvað er rétt og hvar er rangt og alheimsfriður ríkja.⁷⁷

Hlutverk Avatar er að útbreiða skilning á þessu og þar með samhæfa öll viðhorfakerfi. Þegar því er náð hefur myndast sú „upplýsta alheimsmenning“ sem er meginmarkmið Avatar.

Star’s Edge International er fyrirtækið sem stýrir kennslu og útbreiðslu Avatar. Það var stofnað árið 1986 af höfundi Avatarefnisins, Harry Palmer, og starfar út frá þremur hjörtum:

- ♥ Kærleiksríku hjarta félagans sem hefur einkenni þess sem deilir með öðrum og sýnir vinskap og samvinnu.
- ♥ Hjarta leiðbeinandans, sem einkennist af þolinmæði, samúð og skynsemi.
- ♥ Hjarta verndarans, sem er hjarta skapfestu og einkennist af heilindum, hugrekki og réttlæti.⁷⁸

Kennsluáferð Avatar kallast *Aftur upp á yfirborðið (ReSurfacing)*. Þar sem hver einstaklingur hefur sjálfur skapað það líf sem hann lifir með viðhorfum sínum, hvort sem sú sköpun er meðvituð eða ekki, þá getur hann lært að móta það eftir viljastýrðum ákvörðunum. Námið felst í því að kanna meðvitundina, virkja athygli og

⁷⁵ Sigurður Bárðarson 2006

⁷⁶ Palmer 2002 II:67

⁷⁷ Palmer 2002 I:110

⁷⁸ Sama rit:113-114

gera raunverulegan vilja ákveðinn. Kennslan er því ekki innræting af nokkru tagi, enda leggja Avatarfræðin ríka áherslu á slíkt. Heldur er lagt upp úr kennslu á aðferðum sem hver einstaklingur stjórnar sjálfur hvernig hann nýtir. Námið er því upplifunarnám þar sem orðanám er eins lítið og hægt er að komast af með.⁷⁹

Með tækni Avatar eru kenndar aðferðir til að upplifa samkennd sem kemur í stað ágreinings og að ábyrgð á reynslu leiðir af sér meðvitaða stjórn hennar. Þessi tækni kennir okkur að hafa val á því hvort stjórn lífsins er sett í hendurnar á einhverju öðru, einstaklingum eða aðstæðum, eða hvort við viljum hafa þessa stjórn á okkar eigin hendi. Tæknin byggir á því að stjórna eftirtekt af ráðnum hug, nota viljann samkvæmt því og að skipta sektarkennd út fyrir ábyrgð.⁸⁰

Til að skipta út sektarkennd og skömm þarf að byggja upp innri jafnt sem ytri heiðarleika. Heiðarleikinn krefst þess að öllum blekkingum sé eytt, ekki síst sjálfsblekkingum. Einlægni og traust eru þá sett í staðinn, því: „Eiginleikinn til að hafa traust í heiðri án þvingunar eða fyrirskipunar byggir upp sjálfsvirðingu.”⁸¹

Aftur upp á yfirborðið (ReSurfacing in Education) hefur verið notað í skólum sem lífshvatatækni (life-empowering tools) fyrir börn, frá árinu 1999. Við mótun þess var gengið út frá spurningunni: „Hvað er hægt að gera til að hjálpa börnum við að taka ábyrgð á og skapa það líf sem þau vilja lifa?”

Þegar *Aftur upp á yfirborðið* er notað í skólum er börnum kennt

- ❖ að tilfinningar þeirra og upplifanir eiga upptök í þeim sjálfum
- ❖ að stjórna athygli sinni í þeim tilgagni að velja upplifanir sínar
- ❖ að losa sig við fordóma og sýna samkennd þeim sem eru öðruvísi.⁸²

Aftur upp á yfirborðið er einföld tækni sem er rökföst og byggir á skynsemi. Hún er samsafn smáatriða sem eru augljós – þegar búið er að benda á samhengi þeirra. Þessi tækni krefst vinnu og fordómaleysis. Hún krefst þess að tókum sé sleppt á skemmandi og takmarkandi viðhorfum sem sum eru svo djúpstæð og ‘eðlislæg’ að það getur kostað tilfinningaleg átök að losa um þau. Því er mikilvægt að börn fái að njóta þessarar kennslu, því þar er tækifærið til að byrja með sæmilega hreint borð.

⁷⁹ Palmer 2002 I:1-5

⁸⁰ ReSurfacing in Education (Án ártals): www.resurfacingined.com/

⁸¹ Palmer 2002 I:59-60

⁸² ReSurfacing in Education (Án ártals): www.resurfacingined.com/

Hver vill ekki stjórna eigin lífi? Er það ekki sjálfsstjórnin sem skapar sjálfsvirðingu og um leið virðingu annarra? Þá niðurstöðu má t.d. lesa út úr grein Dr. Sigríðar Halldórsdóttur, prófessors í HA, sem fjallar um eflandi og niðurbriótandi samskiptahætti og samfélög.⁸³

6 Samantekt

Í skilgreiningu sinni á tilfinningagreind tilgreinir Goleman samkennd sem eitt þeirra atriða sem einkenni þann tilfinningagreinda.⁸⁴ Skilgreiningar á virðingu⁸⁵ benda til þess að hún sé nauðsynleg forsenda samkenndar. Kennsla í lífsleikni miðar að því að styrkja sjálfsmýnd nemenda og sjálfsvirðingu⁸⁶ og virðing fyrir margbreytileikanum er hvatinn að skilgreiningu Gardners um fjölgreindirnar.⁸⁷ Gömlu meistarnir, Dewey, Russel og Freire, eru horfnir af sjónarsviðinu en lifa í skrifum sínum. Þeir lögðu allir áherslu á innsæi í hugarheim nemenda til að geta hjálpað þeim til þroska út frá þeim stað sem þeir eru staddir á. Dewey vill að tilfinningar séu viðurkenndar og virtar sem hvati athafna,⁸⁸ Russel er hrifinn af aðferðum innri hvatningar⁸⁹ og einn af nauðsynlegum eiginleikum kennara að mati Freire er umburðarlyndi.⁹⁰ Hægt er að fullyrða að allt séu þetta atriði sem byggjast á virðingu fyrir nemendum.

Virðing er líka það sem fyrst er nefnt þegar telja skal upp hvað einkennir góð samskipti.⁹¹ Þó virðing sé ekki talinn upp með dyggðum í siðfræðiriti Rachels er næsta víst að dyggðir eins og samúð og umburðarlyndi sem þar eru nefndar byggjast á virðingu.⁹²

Ábyrgð skólans, samhugur og samstarf er á stefnuskrá Brekkuskóla sem leiðarmerki að einstaklingsbundnu námi og námsmati.⁹³ Að sýna ábyrgð og samhug er að sýna virðingu í verki og og samstarf getur ekki orðið heilladrjúgt án virðingar. Virðing er líka sett á oddinn í starfi allra hinna skólanna sem skoðaðir voru. Virðing er

⁸³ Sigríður Halldórsdóttir 2003: www.ariutgafa.net/documents/Ritryndgrein.4.tbl.2003SidarigreinSH.pdf

⁸⁴ Goleman 2000:45

⁸⁵ Cambridge Advanced Learners Dictionary 2006: <http://dictionary.cambridge.org>

⁸⁶ Erla, Jóhann og Sæmundur 2004:8

⁸⁷ Armstrong 2001:8

⁸⁸ Dewey 2001:119

⁸⁹ Russel 1970:292

⁹⁰ Freire 1985 (1996):186

⁹¹ Erla, Jóhann Ingi og Sæmundur 2004:95

⁹² Rachels 1997:214

⁹³ Brekkuskóli 2006: www.brek.akureyri.is/ymislegt/skyrsla%20throunarverkefni%2005.pdf

fyrsta einkunnarorð Oddeyrarskóla,⁹⁴ mikilvæg dyggð í Hrafnagilsskóla⁹⁵ og númer eitt í kjarnagildum Vesturbæjarskóla.⁹⁶ En virðing virðist líka vera undirstaða í öðrum þeim skólaþróunarverkefnum sem hér voru skoðuð, s.s. uppbyggingarstefnunni. Á vef Símenntunarstofnunar KHÍ er beinlínis sagt að uppbyggingarstefnan leggi áherslu á virðingu.⁹⁷

Mörg þróunarverkefni byggja á vinnu varðandi færni í samskiptum og varðar oftast bæði foreldra, starfsfólk og nemendur. Að þróa viðhorf, hvetja og losa um hindrandi hömlur eru t.d. stefnumál í verkefni til að efla samstarf heimila, skóla og samfélags.⁹⁸ Hægt er að ímynda sér hve mikilvægt það er að byggja á virðingu í slíku starfi, enda varhugavert að losa um hindrandi hömlur í virðingarleysi við sjálfan sig og aðra.

Foreldrafærni, sem lögð er áhersla á í verkefninu *Samfélög sem sýna umhyggju*,⁹⁹ hlýtur líka að byggja á virðingu. Færni foreldra snýst um það að hafa sjálfsvirðingu og geta sýnt börnum sínum virðingu í daglegri umgengni, rétt eins og færni kennara.

En þrátt fyrir það að allt virðist styðja það að vinna út frá virðingarhugtakinu sé sameiginlegt stef í allri þróunarvinnu og sömuleiðis undirrot í stefnum og straumum menntamála, þá hefur því enn ekki verið svarað, *hvort vinna út frá virðingarhugtakinu sé það sem bestum árangri skilar varðandi bættu menntun og betra þjóðfélag*. Næsta skref er að leita niðurstöðu um það.

7 Að virkja nemendur (niðurstaða)

Áhersla á að nám barna felist fyrst og fremst í upplifun, samanber upplifunarnám Deweys, hefur ekki verið ríkjandi í íslensku skólakerfi fram undir þetta. Það hef ég ekki orðið vör við í mínu skólanámi og heldur ekki orðið vör við í námi barnanna minna fjögurra. Samt virðast stjórnvöld hafa fullan skilning á því, eins og sést bæði í grunnskólalögum og aðalnámskrá, að til að virkja upplifun nemenda í námi verður að virða þá og allt sem að þeim snýr. Það gildir um viðhorf, skoðanir, vanhæfni og hæfni, þekkingarleysi jafnt sem þekkingu. Ekki síst gildir það um hugmyndaflug nemenda og sköpunarkraft. En eins og orð skapa orðanáam og upplifun upplifunarnám, þá er ekki þar

⁹⁴ Oddeyrarskóli 2006: www.oddak.akureyri.is/

⁹⁵ Hrafnagilsskóli (án ártals): www.krummi.is

⁹⁶ Vildarvog Vesturbæjarskóla 2005: www.vesturbaejarskoli.is/vildarvog/

⁹⁷ Símenntunarstofnum KHÍ (2006): <http://simennt.khi.is/namskeid/namskeid.asp?id=379>

⁹⁸ Skólaþróunarsvið HA (án ártals): <http://vefir.unak.is/skolathroun/barnid/forvarnir.htm>

⁹⁹ Sama heimild

með sagt að þó stefna sé sett á blað þá sé eftir henni farið í einu og öllu í veruleika daglega skólastarfsins.

Í þessari lauslegu rýni á menntun og skólaþróun hafa þrjú hugtök hafa verið nokkuð algeng. Þau eru virðing, innsæi og upplifun. Áður hafa verið færð rök fyrir því að ‘upplifunarnám’ Deweys var líka keppikefli Russels og Freire þótt þeir orðuðu það á annan veg. Og allir lögðu þeir áherslu á innsæi.

Upplifunarnám og innsæi eru líka lykilatriði í fræðum Avatar. Avatar hefur ekki verið notað í skólum hér á landi og það er ekki þróað sem skólaþróunarverkefni né umbótarstefna varðandi menntun. Avatar er líka allt öðruvísi. Nálgun þess til að bæta heiminn tekur á grunnatriði sem er eitt og aðeins eitt og þetta eina nær út yfir allt. Avatar er byltingarkennt viðhorf sem segir að viðhorf skapi heiminn. Það segir að hver og einn skapi sinn sannleika og þar með líf sitt. En Avatarfræðin bjóða líka upp á leiðbeiningar til að nýta sér þessa vitneskju. Þau bjóða upp á það, að hver sem hefur skynsemi og nennu til að nýta sér þessa þekkingu, getur tekið stjórnina á lífi sínu í sínar hendur. Börn jafnt sem fullorðnir. Þessi tækni krefst heiðarleika, athygli og ákveðni viljans. Þetta eru eiginleikar sem hafa ekki komið beint inn í umræðuna í títtnefndum skólaþróunarverkefnum og menntunarstefnum. Samt má finna samsvörun með heiðarleika og virðingu annars vegar og hins vegar athygli og upplifun. En í öllu falli hefur hvergi verið tíundað mikilvægi hins staðfasta vilja. Á þessum þrem þáttum byggist það að hægt sé að taka upp stjórn á eigin **viðhorfum** og þar með eigin lífi. Sjálfstjórn byggist því á heiðarleika, athygli og ákveðni og það er sjálfstjórnin sem leiðir af sér sjálfsvirðingu og um leið virðingu fyrir öllu öðru. Því ‘allt annað’ er eingöngu sköpun hvers og eins, – það sem hann festir athygli sína á.

Ég gekk út frá því í upphafi þessa verks að virðing væri lykilatriði í allri umbótavinnu í menntakerfinu og skortur á því að sýna börnum virðingu í uppeldi og skólastarfi væri það sem hamlaði þeim á þroskabrautinni. Eins og Russel er ég sannfærð um að börnum sé eiginlegt að vilja læra og þroskast. Ég tel líka að ef foreldrar, kennarar og aðrir sem vinna með börnum væru almennt meðvitaðri um það að börnum beri skilyrðislaust að sýna sömu virðingu og þessir aðilar ætlast til að sér sé sýnd, þá væri samfélagið allt annað og betra. Hingað til hef ég verið sannfærð um að þetta viðhorf beri að setja á oddinn í baráttunni fyrir betri menntun og bættu þjóðfélagi.

En Avatarfræðin hafa bylt þessari hugmynd. Þau eru ekki viðhorfastjórnun, heldur kenna þau að hver og einn geti stjórnað sínum eigin viðhorfum. Við sem viljum hafa mikla sjálfsvirðingu og að aðrir komi fram við okkur af virðingu, við getum

stjórnað því sjálf með viðhorfum okkar. Hinir sem vilja ekki hafa sjálfsvirðingu né virðingu annarra, þeir munu í öllum tilfellum ráða því sjálfir.

Hér eftir mun ég snúa mér að því að kenna viðhorfastjórnun með aðferðum Avatarfræðanna, því þannig má *virkja* nemendur. Það er gert með því að kenna þeim mikilvægi heiðarleikans og aðferðir til að upplifa eigin athyglisjórnun, samkennd sem fylgir innsæi og ekki síst ákveðni viljans. Ég trúir því að slíkt leiði af sér betri menntun og bætt þjóðfélag.

Niðurstaða mín er sú, að Avatarfræðin innifeli allt sem þarf því þau kenni að smíða lykilinn að virðingunni.

Heimildir

- Aðalnámskrá Grunnskóla. Almennur hluti.* 1999. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá Grunnskóla. Lífsleikni.* 1999. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal. 2001. *Sálfræði einkalífsins.* Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Armstrong, Thomas. 2001. *Fjölgreindir í skólastofunni.* 2. útg. Erla Kristjánsdóttir þýddi. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Birna Svabjörnsdóttir. 2006. Svar við netpósti 5. apríl.
- Brekkuskóli. 2006. Vefslóð:
www.brek.akureyri.is/ymislegt/skyrsla%20throunarverkefni%2005.pdf.
(Sótt 28. mars 2006).
- Cambridge Advanced Learners Dictionary.* 2006. Cambridge: University Press.
Vefslóð: <http://dictionary.cambridge.org>. (Sótt 26. mars 2006).
- Center for Dewey Studies. 2004. Southern Illinois University Carbondale. Vefslóð:
www.siu.edu/~deweyctr/index.htm (Sótt: 26. mars 2006).
- Dewey, John. 1996. *Úr The Early Works 1895-1898.* Birt í *Philosophical Documents in Education.* Ritstj. Ronald F. Reed og Tony W. Johnson. White Plains: Longman.
- Eggen, Paul og Don Kauchak. 1999. *Educational Psychology. Windows on Classrooms.* 4. útg. New Jersey: Prentice Hall.
- Erla Kristjánsdóttir, Jóhann Ingi Gunnarsson og Sæmundur Hafsteinsson. 2004. *Lífsleikni. Sjálfstraust, sjálfsagi og samkennd. Handbók fyrir kennara og foreldra.* Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Freire, Paulo. 1996. Viðtal við tímaritið *Language Art* 1985. Birtist í *Philosophy of Education. Introductory Readings.* 2. útg. Ritstj. W. Hare og J. P. Portelli. Calgary: Detselig Enterprises.
- Freire, Paulo. 2005. *infed encyclopaedia * archives * extras.* Vefslóð:
<http://www.infed.org/thinkers/et-freir.htm>. (Sótt 26. mars 2006).
- Goleman, Daniel. 2000. *Tilfinningagreind.* Áslaug Ragnars þýddi. Reykjavík: Iðunn.
- Google leit. (Án ártals). Vefslóð:
<http://google.is/search?hl=is&lr=&oi=defmore&defl=en&q=define>.
(Sótt 25. feb. 2006).
- Halla Gunnarsdóttir. 2006. Nýfrjálshyggjan er vandamál en ekki hnattvæðing.

Morgunblaðið 16. febrúar. Bls. 2.

Helga Hauksdóttir, skólastjóri Oddeyrarskóla. 2006. Viðtal 5. apríl.

Hugo Þórisson. 2001. Fyrirlestur um samskipti á námskeiði fyrir trúnaðarmenn að Bifröst í Borgarfirði.

Ingvar Sigurgeirsson. 2006. Vefslóð:
<http://starfsfolk.khi.is/ingvar/throunarverkefni.html>. (Sótt 26. mars 2006).

Íslensk orðabók. Handa skólum og almenningi. 2002. 3. útg. Ritstj. Mörður Árnason. Reykjavík: Edda.

Íslensku menntasamtökin ses. 2004. Vefslóð: <http://ims.is/4.htm> (Sótt 2. apríl 2006).

Jóhann Ingi Gunnarsson og Sæmundur Hafsteinsson. 2005.
Með lífið að láni – njóttu þess! Reykjavík: Hagkaup.

Karl Frímansson. 2006. Viðtal í Háskólanum á Akureyri 20. febrúar.

Kristín Aðalsteinsdóttir. 2002. Fleira en augar sér og eyrað nemur.
Glæður. 12,1:8-16.

Lopez, William. 2004. *Successful Parenting Skills that Shape Children's Behaviors*. AllPsych Journal (May 15). Vefslóð:
<http://allpsych.com/journal/parentingskills.html>. (Sótt 25. feb. 2006).

Lög um grunnskóla nr. 66 1995.

Mannréttindaskrifstofa Íslands. 2006. Vefslóð: <http://www.humanrights.is>.
(Sótt 25. feb. 2006).

Matthías Magnússon. 2003. *Tölvuorðabókin*. Útg. 6.0.a. Reykjavík: Mál og menning.

National Association for Self-Esteem (NASE). 2004. Vefslóð:
<http://www.self-esteem-nase.org/boardmembers>. (Sótt: 2. feb. 2006).

Oddeyrarskóli. 2006. Vefslóð: www.oddak.akureyri.is/. (Sótt 28. mars 2006).

Olweusarverkefnið gegn einelti. Vefslóð: <http://olweus.is>. (Sótt 28. mars 2006).

Palmer, Harry. 2002. I. *Aftur upp á yfirborðið. Aðferðir til að kanna meðvitundina*. Sigurður Bárðarson íslenskaði. (Útgáfustað vantar). Andakt.

Palmer, Harry. 2002. II. *Skapaðu líf þitt. Upphaf og þróun Avatar*. Sigurður Bárðarson íslenskaði. (Útgáfustað vantar). Andakt.

Peek, M. S. 1995. *Á fáförnum vegi*. Sigurður Bárðarson þýddi. Bókin heitir á frummálinu *Further Along the Road Less Travelled* (útg.1993). Reykjavík: Andakt.

- Rachels, James. 1997. *Stefnur og straumar í siðfræði*. Jón Á Karlsson þýddi. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Reasoner, Robert. 2004. The true meaning of self-esteem. *National association for self-esteem*. Vefslóð: <http://www.self-esteem-nase.org/whatisselfesteem.shtml>. (Sótt: 2. feb. 2006).
- ReSurfacing in Education*. (Án ártals). Vefslóð: www.resurfacingined.com/. (Sótt: 6. apríl 2006).
- Russel, Bertrand. 1970. Úr *On Education* bls. 288-301. Birt í *The Philosophical Foundations of Education*. Ritstj. Stefen Cahn. New York: Harper & Row.
- Russel, Bertrand. 2003. *Stanford Encyclopedia of Philosophy*. Vefslóð: <http://plato.stanford.edu/entries/russell/>. (Sótt: 26.mars 2006).
- Rúnar Sigþórsson, Börkur Hansen o.fl. 1999. *Aukin gæði náms. Skólaþróun í þágu nemenda*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Samás – Samtök áhugafólks um skólaþróun*. 2006. Vefslóð: <http://vefir.khi.is/skolathroun/>. (Sótt 26.mars 2006).
- Sigríður Halldórsdóttir. 2003. Eflandi og niðurbrjótandi samskiptahættir og samfélög. *Tímarit íslenskra hjúkrunarfræðinga* 79,4:6-12. Vefslóð: www.ariutgafa.net/documents/Ritryndgrein.4.tbl.2003SidarigreinSH.pdf. (Sótt 9. apríl 2006).
- Sigurður Bárðarson. (Án ártals). „Aftur upp á yfirborðið” í skólana. Bréf til skólastjórnenda og kennara.
- Símenntunarstofnum KHÍ . 2006. Vefslóð: <http://simennt.khi.is/namskeid/namskeid.asp?id=379>. (Sótt 8. apríl 2006).
- Skólaþróunarsvið HA. (Án ártals). Vefslóð: <http://vefir.unak.is/skolathroun/barnid/>. (Sótt 28. mars 2006).
- Spalding, Leah R. og Curtis D. 1999. Uncionscious Unease and Self-handicapping: Behavioral Consequences of Individual Differences in Implicit an Explicit Self-Esteem. *American Psychological Society*. 10,6:535-539.
- Vildarvog Vesturbæjarskóla. 2005. www.vesturbajarskoli.is/vildarvog/. (Sótt 2. apríl 2006).